

Borgarráð

***Vogabyggð og Elliðavogur þétting byggðar - þjónusta vegna menningarmála***

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um framtíðarskipan þjónustu vegna menningarmála í tengslum við þéttingu byggðar í Vogabyggð og Elliðavogi eru lögð fram til kynningar.

S. Björn Blöndal  
e.u.

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um framtíðarskipan þjónustu vegna menningarmála í tengslum við þéttingu byggðar í Vogabyggð og Elliðavogi.

## ERINDISBRÉF

### Starfshópur um framtíðarskipan þjónustu vegna menningarmála í tengslum við þéttingu byggðar í Vogabyggð og Elliðavogi

#### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

#### Hlutverk og helstu verkefni starfshóps:

- Að fara yfir þá möguleika sem felast í endurskipulagningu menningartengdar þjónustu sem fyrir er á svæðinu á vegum Reykjavíkurborgar og meta breytingar á þjónustubörf sem skapast með þéttingu byggðar. Starfshópurinn skal setja nánari ramma um það þjónustusvæði sem skal endurskipuleggja.
- Að gera tillögur um að tengja betur skóla-, frístunda- og menningarstarf á svæðinu m.a. með tilkomu nýs skóla sem fyrirhugað er að byggja á Fleyvangi og mögulegrar þarfar á stækkun annarra skóla á svæðinu s.s. Vogaskóla, Lauganesskóla, Laugalækjarskóla.
- Að fara yfir þá möguleika sem geta falist í framtíðarnotkun stúkunnar við Laugardalslaug ásamt gamla innganginum að Laugardalslauginni.
- Að skoða framtíð Borgarbókasafnsins – menningarhúss í Sólheimum í þessu samhengi og hvaða möguleikar felast í endurskipulagningu svæðisins með eða án safnsins í Sólheimum. Jafnframt að skoða framtíð húsa og mögulega uppbyggingu að Sólheimum 29-35 húsin standa nú að.
- Að leggja fyrir borgarráð tillögur, svo fljótt sem auðið er, að tímabundinni notkun húsanna þ.e. Sólheima 29-35 og húsnaði í Laugardalsstúkunni þar til að tillögur um heildar endurskipulagningu liggja fyrir.
- Starfshópurinn skal líta til þeirrar vinnu sem þegar hefur verið unnin í tengslum við stúkuna í Laugardal og mögulegan flutning Sólheimasafns auk þessa að hafa til hliðsjónar vinnu við gerð hverfaskipulags á umræddum svæðum.

#### Starfshópurinn skipa fulltrúar frá:

Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (formaður).

Menningar og ferðamálasviði.

Íþrótt- og tómstundasviði.

Umhverfis- og skipulagssviði.

Skóla- og frístundasviði.

#### Starfsmaður:

Starfsmaður frá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

#### Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

#### Starfstímabil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni niðurstöðum fyrir 15. nóvember 2016.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson